

Sumarnámskeið:

Sól rís, sól sest, sól rís ...



Soffía Magnúsdóttir



Ingibjörg S. Helgadóttir

Soffía Magnúsdóttir, íslenskukennari við Verzlunarskóla Íslands og Ingibjörg S. Helgadóttir, dönskukennari við Verzlunarskóla Íslands.

Það voru kátar samstarfskonur úr Verzlunarskóla Íslands sem gengu út í sólina í ágústmánuði síðastliðnum eftir daglanga setu á feikilega góðu sumarnámskeiði Ísbrúar í samstarfi við SÍSL-verkefnið. Námskeiðið fjallaði um 6 + 1 vídd ritunar og frá fyrstu stundu fundum við stöllur, önnur móðurmálskennari og hin kennari erlends tungumáls, að þessa hugmyndafræði gætum við nýtt til að örva og bæta ritun nemenda okkar.

Markmið námskeiðsins var að þátttakendur kynntust aðferð og orðaforða 6 + 1 víddar ritunar, gætu metið ýmsar tegundir ritunarverkefna út frá þeim og undirbúið kennslustundir þar sem víddirnar eru kenndar og þjálfðar. Auk þess fengum við vandaða handbók og þótt dæmin í henni séu flest úr grunnskóla þá á hún eftir að nýtast vel við undirbúning ritunar-kennslu í anda 6 + 1 víddar í skólanum okkar.

Sex plús einn

Margir kennarar þekkja nú þegar til þessarar aðferðar, en 6 + 1 vídd ritunar er sérstök nálgun sem notuð er til að kenna ritun á skapandi hátt ásamt því að meta árangur nemenda. Sérstaða 6 + 1 víddar felst í að skoða ritunarferlið í ljósi sjö vídda, sem samkvæmt rannsóknum þykja einkenna góð ritverk. Þær eru: *hugmyndir*, *skipulag*, *rödd*, *orðaval*, *setningaflæði*, *rithefðir* og *framsetning*. Kennarar og nemendur tileinka sér þannig sameiginlegan orðaforða um ritun þar sem þeir hafa sama skilning á því hvað einkennir góða ritun af hvaða toga sem er. Þessi aðferð hefur reynst vel í ritunar-

kennslu og er notuð í fjölmörgum löndum og m.a. í nánast öllum fylkjum Bandaríkjanna.

Þessar víddir, allt frá hugmyndafræði til frágangs, kynntu kennarar námskeiðsins, þær *Borghildur Sigurðardóttir*, *Anna Sjöfn Sigurðardóttir* og *Hulda Karen Daníelsdóttir*, bæði markvisst og vel. Þær unnu eftir þeirri kennslufræði sem þær boðuðu, leiðbeindu þátttakendum og létu þá vinna jafnóðum með víddirnar sjö. Hverri vídd fylgdi síðan matsrammi sem var lýsandi fyrir eiginleika góðrar ritunar. Við vorum látin lesa margs konar texta og meta út frá einni vídd í senn, skrifa eigin ritverk og meta í samvinnu við sessunauta. Við vorum hvött til þess að ræða saman um hugmyndir okkar og leiðbeina hvert öðru. Þannig unnum við saman allan daginn og æfðum okkur í að meta styrkleika og veikleika í margs konar ritunarverkefnum og flétta saman mati og leiðbeiningum til höfunda ritsmíðanna. Við vorum minnt á að skoða verk annarra út frá fleiri hliðum en t.d. byggingu, málfræði og stafsetningu og að gagnlegar leiðbeiningar skipta meira máli en einkunnir. Í framsögu kennara kom einnig fram að vænlegt væri að nota annað hvort mjög góð dæmi um ritun eða mjög slæm þegar dæmi eru valin fyrir nemendur.

Í ljósi áherslna nýrrar aðalnámskrár um sköpun og virkni nemenda er sýnt að þessi ritunaraðferð er vænleg til að örva sköpunargleði nemenda og löngun þeirra til þess að miðla. Þá stuðlar aðferðin einnig að sjálfstæði og virkni nemenda því að í ritunarferlinu eru þeir hvattir til að meta ritverk sín og samnemenda út frá víddunum sjö. Þótt hugmyndin með aðferðinni sé ekki einkunnamiðuð er að okkar mati auðvelt að koma því svo við þar sem það hentar, t.d. í framhaldsskólum þar sem hefð er fyrir að nemendur fái mat í tölum.

Nemandinn í brennidepli

Námskeiðið vakti okkur til umhugsunar um tilgang ritunarkennslu, hvað betur megi fara í kennslu okkar og hvernig gera megi kennsluna árangursríkari og skemmtilegri.

Við litum í eigin barm og sáum að oft og tíðum er umsögn okkar ekki nógu örvandi og uppbyggileg fyrir nemendur. Þegar maður sér ekki til sólar fyrir ritgerðabunkum þá er oft auðveldara að leiðbeina þeim um byggingu, efnistöð og málfar, en minna fer fyrir leiðbeiningum um orðaval, hugmyndaúrvinnslu eða um persónulega rödd í ritgerðum nemenda. En

eftir þetta námskeið sjáum við áhugaverða leið til þess að meta mismunandi þætti ritunar. Á þann hátt gefst nemendum tækifæri til að láta ljós sitt skína og skara fram úr í ritun á forsendum annarra þátta en rithefða. Með hugtökunum: *hugmyndir, skipulag, rödd, orðaval, setningaflæði, rithefðir og framsetning* höfum við fengið tæki í hendur til þess að vinna á markvissari hátt með nemendum og veita þeim gagnlega endurgjöf í gegnum ritunarferlið. Við getum af heilum hug mælt með námskeiðinu fyrir grunn- og framhaldsskólakennara í öllum fögum. Þessi aðferð er til dæmis afar vænleg fyrir skóla sem hyggja á átak í ritun í þeim tilgangi að

allir kennarar og nemendur skólans vinni eftir sömu hugmyndafræði. Þannig eru meiri líkur á því að nemendur skilji hvað kennarinn á við með leiðbeiningum sínum því að nemendur og kennarar hafa þá lært í gegnum ferlið 6 + 1 að nota sama orðaforða, og við kennarar sjáum því loksins til sólar á ný.

Heimildir

Handbók um 6 + 1 vidd ritunar. Þýðing og staðfæring: Borghildur Sigurðardóttir og Guðlaug Richter

Námskeið í 6 + 1 vidd ritunar. Glæsur: Borghildur Sigurðardóttir og Anna Sjöfn Sigurðardóttir <http://tungumalatorg.is/sisl/>

Penguin Kids...are... 'Worldly-Wise' kids

Open your students' eyes to the world's most beloved children's stories and characters as well as new CLIL titles for balanced learning, rewritten specifically for young English language learners from Years 1-6.

Carefully graded to be accessible to learners of any level, these latest Penguin Kids Readers will introduce kids to the joys of reading to ensure they get a headstart!

NEW Penguin Kids Readers for 2014

CLIL READERS



PENGUIN KIDS READERS



Available from all good bookstores and online.

Download digital samples, activity sheets and much more
@ www.pearsonelt.com/penguinkids



www.penguinreaders.com